Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Mat á Hallormsstaðaskóla

Guðrún Karlsdóttir
Ingvar Sigurgeirsson

Maí 2003

Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli	3
Inngangur	4
Um skólann	4
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	**6**
Kennsla og kennsluhættir	6
Sérkennsla	9
Námsmat	9
Stjórnun	10
Skólanámskrá, heimasíða og fréttabréf	11
Þróunarstarf og umbætur	13
Sjálfsmat / innra mat skólans	14
Starfsandi, skólabragur og agi	15
Einelti – líðan – áföll	16
Viðhorf nemenda	17
Félagslíf	19
Foreldrasamstarf	21
Viðhorf foreldra til skólans	22
Umhverfi – aðstaða	23
Endurmenntun starfsmanna	25
Skólaakstur	25
Samstarf við skólaskrifstofu	25
Stuðningur sveitarfélaganna	26
SAMANTEKT UM MAT Á SKÓLANUM	**27**
Sterkar hliðar	27
Veikar hliðar	28
UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR	**29**
Heimildir	33
Viðauki 1. Niðurstöður úr könnun meðal foreldra	
Viðauki 2. Niðurstöður úr könnun meðal nemenda	

Formáli

Með bréfi dagsettu 19. febrúar 2003 leitaði menntamálaráðuneytið eftir því við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands að stofnunin tæki að sér að gera úttekt á starfsemi Hallormsstaðaskóla. Beðið var um að meta eftirtalda þætti: Stjórnun, kennsluhætti, námsmat, aðstöðu, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónustu við nemendur og starfsfólk, þróunarstarf og umbætur í skólastarfi.

Gert var ráð fyrir því að byggt yrði á gagnaöflun frá skólanum, heimsóknum úttektaraðila í skólann og á því sjálfsmati sem fram hefur farið í skólanum. Úttektaraðilar nota þær aðferðir við úttektina sem best þykja henta hverju sinni, s.s. spurningalista, einstaklings- og hópviðtöl og mat á fyrirliggjandi gögnum. Úttektaraðilar skulu eiga viðtöl við skólastjóra og aðra stjórnendur og fulltrúa eftirtalinna: kennara, annars starfsfólks, nemenda, skólanefndar og aðila utan skólans eftir því sem tilefni gefst og aðstæður leyfa'.

Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans fól okkur undirrituðum að annast þetta verkefni og höfum við leitast við að leysa það í samræmi við ofangreinda lýsingu. Skýrsluhöfundar unnu saman að gagnaöflun en Guðrún er aðalhöfundur þessarar lokaskýrslu. Með skilum á henni er verkefninu lokið af okkar hálfu. Starfsfólki og skólanefnd var gefinn kostur á að gera athugasemdir við lokadrög skýrslunnar. Við færum starfsmönnum Hallormsstaðaskóla bestu þakkir fyrir greiðvikni og gott samstarf, sem og öðrum viðmælendum. Það er von skýrsluhöfunda að skýrslan komi að notum við að vekja athygli á því vandaða skólastarfi sem þarna fer fram.

Menntamálaráðuneytinu og Rannsóknarstofnun þökkum við fyrir að hafa fengið að glíma við þetta verkefni sem hefur reynst okkur áhugavert og lærdómsríkt. Þá þökkum við dr. Allyson Macdonald forstöðumanni Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans góða aðstoð, hvatningu og aðhald.

Inngangur

Upplýsinga var aflað með eftirfarandi hætti: Viðtölum við skólastjóra, aðstoðar-skólastjóra, kennara og annað starfsfólk skólans (skólaliða, ritara, skólabílstjóra og matráðskonur). Rætt var sameiginlega við foreldraráð og stjórn foreldrafélags. Þá var rætt við skólanefnd Hallormsstaðaskóla og forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs. Nafnlaus spurningalisti var lagður fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk (sjá viðauka 2). Könnunin var lögð fyrir nemendur að kennurum fjarstöddum. Allir nemendur svöruðu. Nafnlaus spurningalisti var lagður fyrir alla foreldra nemenda skólans (sjá viðauka 1) og bárust svör frá öllum foreldrum. Ýmis gögn frá skólanum voru athuguð, einkum skólanámskrá (Fróði, 17. árg./Fáfróði 18 árg.), skýrsla um sjálfsmat 2001–2003, fréttabréf frá 2002–2003 og heimasíða skólans (http://hall.ismennt.is/), ýmsar skýrslur um þróunarstarf, auk fjölmargra annarra gagna sem skólastjórnendur létu í té.

Ekki voru gerðar ítarlegar vettvangsathuganir í skólanum en annar skýrsluhöfunda fylgdist með kennslu á byrjenda- og miðstigi hluta úr degi. Drög að spurningalistum voru send skólastjórnendum til umsagnar áður en gengið var frá lokagerð. Viðtöl voru tekin á segulband og meginatriði úr þeim skráð til úrvinnslu.[1] Skólastjórnendur og formaður skólanefndar fengu drög að skýrslunni til umsagnar.

Í þessari skýrslu verður fyrst gerð stutt grein fyrir skólanum. Þá fylgja kaflar þar sem gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum. Fyrst er vikið að niðurstöðum sem varða kennslu og kennsluhætti, sérkennslu, námsmat, stjórnun, skólanámskrá, heimasíðu og fréttabréf. Þá eru kaflar um þróunarstarf og umbætur, sjálfsmat, starfsanda og skólabrag, einelti, viðhorf nemenda til skólans, félagslíf, foreldrasamstarf, viðhorf foreldra til skólans, umhverfi og aðstöðu, endurmenntun starfsmanna, skólaakstur, samstarf við skólaskrifstofu og stuðning sveitarfélaga. Birtar eru samantektir yfir þau atriði sem talin eru til sterkra hliða skólans og veikra. Loks er kafli þar sem niðurstöður eru ræddar og tillögur gerðar um æskilega þróun skólastarfsins. Í viðaukum eru birtar helstu niðurstöður úr könnunum sem gerðar voru með spurningalistum sem lagðir voru fyrir foreldra og nemendur.

Um skólann

Á þessu skólaári stunda 53 nemendur nám við Hallormsstaðaskóla (voru 54 fyrir áramót) í þremur námshópum, 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Deildarskipting er þó misjöfn eftir árum og fer hún m. a. eftir fjölda nemenda í hverjum árgangi. Skólinn er staðsettur inni í miðjum stærsta skógi landsins, Hallormsstaðaskógi á Fljótsdalshéraði. Hann hóf göngu sína um áramótin 1967 en það eru sveitarfélögin Austur-Hérað og Fljótsdals-hreppur sem nú reka skólann í sameiningu. Skólinn var heimavistarskóli frá byrjun en haustið 2001 var ákveðið að taka upp daglegan akstur.

Skóladagheimili er opið tvisvar í viku e.h. fyrir yngstu nemendurna (1.-4. bekkur).

[1] Tekið skal fram að upptökum er eytt þegar verkefninu er lokið.

Húsnæði skólans er um 2000 m² og skiptist í skólastofuálmu, stjórnunarrými, verkgreinakjallara, matsal og heimavistarhús. Á sumrin er hótel rekið í skólahúsnæðinu. Á skólalóðinni er íþróttahús með leiklistaraðstöðu, skólastofa og útisundlaug. Tónlistarkennsla fer fram í heimavistarhúsi. Í vetur leggja 26 nemendur stund á hljóðfæraleik og söngnám við Hallormsstaðadeild Tónlistarskóla Austur-Héraðs.

Við skólann starfa 23 starfsmenn í 17 stöðugildum, þar af eru 13 kennarar (að stjórnendum meðtöldum). 97% allrar kennslu í skólanum er kennd af kennurum með réttindi. Að auki eru margir kennarar skólans með viðbótarmenntun eða eru í framhaldsnámi. Aðrir starfsmenn eru: Fimm skólaliðar, tvær matráðskonur, ritari og húsvörður.

Um skólaakstur sjá sex bílstjórar. Síðastliðin tvö ár hafa verið gæslumenn í skólabílum. Við það er miðað að ekkert barn sé lengur en 40 mínútur í skólabílnum hvora leið.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Kennsla og kennsluhættir

Í Hallormsstaðaskóla er megináhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og er kennt í þremur aldursblönduðum hópum. Mikið starf hefur farið fram í skólanum við skipulagningu kennslu og bryddað hefur verið upp á fjölmörgum nýjungum í þeim efnum. Raunar má segja að þróunarstarf sé eitt af megineinkennum skólans.

Mikil áhersla er lögð á umhverfisfræðslu og fléttast hún inn á nám á öllum aldursstigum. Skólinn tekur þátt í nokkrum alþjóðaverkefnum sem tengjast umhverfismennt. Þá er lögð áhersla á að tölvu- og upplýsingatækni falli inn í kennslu sem flestra viðfangsefna og námsgreina í öllum aldurshópum. Kennarar hafa samvinnu við undirbúning kennslunnar og er þess gætt að bæði karlar og konur hafi umsjón í öllum aldurshópum.

Almenn ánægja er með *byrjendakennsluna* í skólanum. Kennarar hafa þróað þar fjölbreyttar kennsluaðferðir. Sérstök áhersla er lögð á svokallaða söguaðferð sem byggir á virkum kennsluaðferðum, samþættingu námsgreina, tjáningu, samvinnu og skapandi starfi (sjá Ingvar Sigurgeirsson 1999:152–156). Þá má nefna umhverfisverkefni, sem ber heitið Græna eyjan, en það byggist á því að nemendur koma upp ímynduðu samfélagi þar sem byggt er á upphverfisvænum viðhorfum. Í verkefninu er nemendahópnum gjarnan skipt í tvennt (1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur) og er sama grunnefni lagt fyrir en kennt á mismunandi hátt.

Myndmennt er notuð sem kennsluaðferð í samfélags- og náttúrufræði sem og í annarri skapandi vinnu á þessu skólastigi. Kennslustofunni, sem gengur undir nafninu Selið, er skipt í fjögur svæði en auk þess er bókasafn skólans notað sem kennslurými.

Á *miðstigi* er að sama skapi verið að byggja upp kennsluna og þróa ýmsar kennsluaðferðir. Þrír kennarar skipuleggja kennsluna á þessu stigi og nýta þeir einnig talsvert söguaðferðina. Kennslan fer að nokkru fram á valsvæðum þar sem nemendur geta valið sér ýmis viðfangsefni. Áhersla er lögð á að blanda saman verklegum og bóklegum þáttum, hafa t.d. verklega íslensku og stærðfræði. Tölvur eru mikið notaðar á miðstigi í kennslunni.

Bæði á byrjenda- og miðstigi skipuleggja nemendur nám sitt að hluta til sjálfir.

Kennsla á *unglingastigi* byggir bæði á samkennslu og bekkjarkennslu. Að mati kennara á þessu stigi er kennsla ef til vill of bóknámsmiðuð. Fyrirhugað er að taka meira inn í kennsluna áhugasvið hvers nemanda til þess að koma til móts við námsleiða unglinganna.

Þrátt fyrir fámenni tekst skólanum að gefa nemendum á unglingastigi kost á ýmsum valgreinum. 15% af námi nemenda í 8. bekk er valfrjálst, 20% af námi 9. bekkinga og um 30% af námi nemenda í 10. bekk. Nemendur fá lista þar sem fjölmargar greinar eru í boði (níu til ellefu greinar) og þeir geta merkt við það sem þeir ætla að taka þátt í á næsta skólaári. Nám við Tónlistarskóla Austur-Héraðs hefur verið metið á við eina valgrein og hefur sú ráðstöfun notið vinsælda meðal nemenda á unglingastigi.

Viðhorf nemenda í 8.-10. bekk til framboðs á valgreinum eru yfirleitt jákvæð. Þriðjungur (30%) er mjög sáttur, 40% eru nokkuð sáttir, 20% fremur ósáttir og 10% mjög ósáttir. Könnun skýrsluhöfunda leiddi í ljós að foreldrar töldu framboð valgreina yfirleitt vera í góðu lagi.

Nemendur í 9. og 10. bekk fara í skipulega starfsfræðslu á hverju skólaári, heimsækja fyrirtæki og stofnanir og fá ýmsa fræðslu um atvinnulíf og vinnumarkað og vinna fjölmörg verkefni. Starfsfræðslan er vel útfærð og vinsæl meðal nemenda.

Skólinn hefur mótað áætlun um námsráðgjöf fyrir nemendur í 7.-10. bekk sem unnið er eftir. Byggt er á kynningum, umræðum um starfsval, auk persónulegrar ráðgjafar í einstaklingsviðtölum. Þá er lögð áhersla á að kynna nemendum námsframboð á framhaldsskólastigi.

Einn dag í viku er starfræktur ‘opinn skóli’ en þá vinna allir nemendur í 1.-10.bekk saman að margs konar verkefnum. Markmiðið er að gera kennsluna fjölbreyttari og skapa sveigjanleika í skólastarfinu. Þar sem þetta fyrirkomulag var reynt í fyrsta sinn nú í vetur var spurt um viðhorf foreldra á þessu fyrirkomulagi. Þeir virðast vera ánægðir með þessa tilhögun, 22 (42,3%) segjast vera mjög sáttir, 17 (32,7%) nokkuð sáttir en fjórir (7,7%) eru nokkuð ósáttir. Níu (17,3%) hafa ekki skoðun á opnum skóla.

Það er mat skýrsluhöfunda að vel hafi tekist til við samkennslu í skólanum. Ljóst er að kennarar vinna vel saman við að skipuleggja kennsluna og laga námsefnið að kennslu barna á ólíkum aldri. Samkennslan krefst mikils undirbúnings og í viðtölum við kennara komu einnig fram nokkrar áhyggjur af faglegri einangrun. Eins væri oft flókið að útfæra aldursbundið námsefni (t.d. í samfélagsgreinum og náttúrufræði).

Stór hluti kennara hefur kennt við skólann um árabil og hefur því mikla reynslu af samkennslu en nokkrir eru að kynnast henni í fyrsta skipti. Í viðtölum við kennara kom fram að nýir kennarar við skólann vildu gjarna fá meiri leiðsögn í einstaklings-bundnum kennsluháttum.

Á hverju ári er efnt til tveggja þemavikna eða þemadaga og taka allir nemendur skólans þátt í því starfi þar sem byggt er á hópvinnu nemenda þvert á aldurshópa, sjálfstæðri upplýsingaöflun og ýmsum skapandi verkefnum. Sem dæmi um viðfangsefni á þemadögum má nefna Fljótið (Lagarfljót), Þjóðsögur í heimabyggð, Skógurinn og Heilbrigð sál í hraustum líkama.

Í skólanum er mikil áhersla lögð á leiklist og leikræna tjáningu. Á hverju ári er efnt til viðamikilla leiksýninga og áhersla lögð á þátttöku allra nemenda. Markmiðið er að hver nemandi fái tækifæri til þess að stíga á svið á hverju ári.

Skipulag heimanáms er byggt á vikuáætlun sem hver nemandi gerir með kennara sínum. Í áætlanabókum er gert ráð fyrir að foreldrar og kennarar geti skipst á skilaboðum. Að minnsta kosti tvisvar í viku er nemendum gefinn kostur á aukaaðstoð við heimanám utan stundatöflu í skólanum með aðstoð kennara eða skólaliða.

Fram kemur í svörum nemenda í spurningalista að þeim verður nokkuð tíðrætt um álag vegna mikillar heimavinnu. Aðspurðir um mat á heimanámi töldu 11 (28,9%) það vera alltof mikið, átta (21,1%) nokkuð mikið, 17 (44,7%) mátulegt, einn sagði það of lítið og annar alltof lítið. Foreldrar barnanna voru hins vegar almennt sáttir við heimavinnu barna sinna, 37 (71,2%) sögðu hana oftast hæfilega, 13 (25%) þótti hún þó heldur of mikil og tveir (3,8%) alltof mikil.

Foreldrar voru spurðir um skoðun sína á kennslunni í skólanum. Yfir helmingur (58,8%) taldi hana yfirleitt í góðu lagi og 33,3% sögðu að hún væri í heild mjög góð (7,8% sögðu hana í meðallagi). Í viðtölum við fulltrúa foreldra kom fram það viðhorf að heimanám væri full einhæft.

Þá var spurt um mat foreldra á kennslu einstakra greina í skólanum. Í stuttu máli má segja að foreldrar telja kennsluna í heild mjög góða eða yfirleitt í góðu lagi. Spurt var um álit foreldra á kennslu í einstökum greinum og eru viðhorf þeirra mjög jákvæð til kennslu í flestum greinum, en þó jákvæðust til íslensku og ensku.

Íslenskukennslu telja 28 (53,8%) foreldrar í heild mjög góða, 19 (36,5%) telja hana í góðu lagi en fimm (9,6%) segja hana í meðallagi. Tæplega helmingur foreldra (47,6%) telur enskukennslu í heild mjög góða, 18 (42,9%) segja hana yfirleitt í góðu lagi og fjórir í meðallagi. Kennsla í stærðfræði þykir einnig góð, helmingur foreldra (26 eða 50%) segir hana yfirleitt góða og 21 (40,4%) telur hana í heild mjög góða.

Viðhorf foreldra til verklegra greina er ekki eins jákvætt. Alls 21 (46%) foreldri segir að smíðakennsla sé í meðallagi á meðan átta (17,4%) segja hana í heild mjög góða og níu (19,6%) yfirleitt í góðu lagi. Einn telur að kennslunni sé í mörgu áfátt. Að mati flestra foreldra er kennsla í tónmennt, íþróttum, myndmennt og samfélagsfræði í meðallagi góð (sjá í viðauka 1).

Aðspurðir telja nemendur sig fá besta kennslu í íslensku, stærðfræði og ensku. Flestir (10) segja að íslenskukennslan sé best, níu nefna stærðfræðikennsluna og sex enskukennsluna. Athygli vekur að þessar sömu greinar eru oftast nefndar í svörum nemenda þegar spurt er um í hvaða kennslugrein þeir læri minnst.

Nemendur voru spurðir hvaða námsgreinar væru í uppáhaldi og reyndust íþróttir vinsælastar en 23 nemendur nefndu þær. Smíði, myndmennt og enska eru líka vinsælar greinar (10). Aðspurðir um leiðinlegustu námsgreinarnar sögðu 19 nemendur að íslenska væri leiðinlegust en stærðfræði og danska fylgdu fast á eftir sem óvinsælar námsgreinar.

Heildarmat skýrsluhöfunda er að kennslan í Hallormsstaðaskóla sé mjög góð í öllum aldurshópum. Hún einkennist af miklum metnaði, fjölbreytni og einstaklingsmiðuðu námi. Þá er skapandi starfi, umhverfismennt, tölvu- og upplýsingatækni og lifandi viðfangsefnum af ýmsu tagi gert hátt undir höfði. Efla þarf aðstöðu til kennslu verkgreina og er að því unnið. Í viðtölum við starfsfólk og í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram það viðhorf að meiri rækt þurfi að leggja við þá nemendur sem skara fram úr og er að því unnið (Sif Vígþórsdóttir o.fl. 2003:27).

Sérkennsla

Stefna skólans er sú að ‘sérkennsla og almenn kennsla falli sem best saman og tryggt sé að sérkennsla verði aldrei til þess að einangra þá nemendur sem hennar njóta.’ (FáFróði 18. árg., bls. 31–32). Aðstoð við nemendur með sérþarfir er skipulögð með hliðsjón af einstaklingsnámskrá.

Á þessu skólaári þurfa sex nemendur (12%) skólans sérkennslu vegna fötlunar eða mikilla námsörðugleika. Áhersla er lögð á að veita nemendum stuðning í hópum með jafnöldrum sínum. Tveir kennarar sinna nemendum með sérþarfir sérstaklega og vinna þeir náið með kennurum á byrjenda- og miðstigi. Mat stjórnenda og kennara er að starf þeirra sé vel skipulagt, sveigjanlegt og nýtist vel. Sérkennslan í heild fékk mjög jákvæða umsögn allra viðmælenda. Áhugi er á að koma enn betur til móts við eldri nemendur skólans en þeir yngri hafa haft nokkurn forgang.

Góð samskipti eru við foreldra þeirra barna sem þurfa á sérkennslu að halda. Þessir foreldrar voru spurðir um mat sitt á þeirri þjónustu sem barnið hefur fengið. Tæplega helmingur (47,8%) taldi hana mjög góða, 30,4% nokkuð góða og tveir töldu hana ófullnægjandi (þrír tóku ekki afstöðu).

Mat skýrsluhöfunda er að mjög vel sé staðið að sérkennslu við skólann. Sérstaka athygli vakti hve börn með mikla námserfiðleika blandast tiltölulega vel í hópinn. Ekki verður annað séð en að skólinn fari nær því en flestir aðrir skólar að ná markmiðum *skóla án aðgreiningar*.

Námsmat

Námsmat í Hallormsstaðaskóla byggist að miklu leyti á stöðugu mati og er það lagt til grundvallar vetrareinkunn sem birt er nemanda og foreldrum hans í annarlok. Formleg próf eru tvisvar á skólaárinu. Nemendur fá því bæði vetrareinkunn og prófseinkunn sem báðar eru skráðar í einkunnabók nemandans en ekki reiknað meðaltal af þeim. Auk þess er hverjum nemanda gefin ein ‘almenn umgengnis- og námsumsögn’(sjá FáFróða 18. árg., bls. 30–31).

Ný námsmatsstefna hefur verið í burðarliðnum. Á skólaárinu hefur verið unnið að því að byggja mat á námi hvers nemanda á svokallaðri ‘portfolioaðferð’ en hún miðar að því að nemendur og kennarar meti saman og safni ákveðnum verkum nemenda í verkmöppu (portfolio) þau ár sem hann er í skólanum. ‘Í lok skólagöngu sinnar á nemandinn þá í möppu sinni safn af eigin verkum sem lýsir námsferli hans.’ (FáFróði 18. árg., bls. 30–31). Kennarar leggja áherslu á að stefnt sé að framfaramiðuðu námsmati.

Í elstu bekkjunum (7.-10. bekk) fá nemendur skólasóknareinkunn. Punktakerfið er þannig að hver nemandi byrjar með einkunnina 10,0 við upphaf hverrar annar. Komi eftirtalin atriði upp ‘óstundvísi, vöntun á námsgögnum, heimavinna ekki unnin, vinna ekki í kennslustund, óheimil fjarvist og brottrekstur úr kennslustund, fá nemendur ákveðinn fjölda punkta sem ákvarðar síðan skólasóknareinkunn við lok annar.’ (FáFróði 18. árg., bls. 19). Nemendum er gefinn kostur á að vinna af sér punkta í svokölluðum úrbótatímum.

Foreldrar voru spurðir um viðhorf sitt til punktakerfisins. Mat þeirra var yfirleitt jákvætt, 20 (41,7%) þótti kerfið mjög gagnlegt og 16 (33,3%) nokkuð gagnlegt (12 eða 25% höfðu ekki skoðun).

Niðurstöður samræmdra prófa í Hallormsstaðaskóla hafa á undanförnum árum verið mjög góðar. Meðaleinkunnir skólans hafa hvað eftir annað verið með þeim hæstu á landinu.

Foreldrar eru í heild ánægðir með námsárangur. Í svörum við spurningalista lýsti 41 (80,4%) jákvæðum viðhorfum (mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir) en 10 höfðu ekki skoðun. Vitnisburðarformið sem notað er í skólanum telja þeir einnig í góðu lagi. 27 (52,9%) voru mjög ánægðir og 17 (33,3%) töldu það nokkuð gott (sjö höfðu ekki skoðun).

Stjórnun

Skólastjórinn hefur starfað við skólann í 18 ár en aðstoðarskólastjórinn í 15 ár en þær tóku við stjórnun skólans 1996. Þær hafa með sér ákveðna verkaskiptingu. Skólastjóri sér t.d. um starfsmannahald og fjármál. Aðstoðarskólastjóri sér m. a. um tölvumál og endurmenntun starfsmanna í tölvu- og upplýsingatækni. Í viðtali við starfsfólk kom fram að skólastjórnendur væru mjög samstíga og næðu vel saman (‘gott teymi’).

Kennarafundir eru haldnir einu sinni í viku og starfsmannafundir tvisvar til þrisvar á önn. Skólastjóri er með starfsmannasamtöl fjórum sinnum á ári og er vel látið af þeim, enda eru þau mjög vel undirbúin og vel úr þeim unnið.

Skólastjórnendur fengu ákaflega góð ummæli hjá starfsfólki skólans og öðrum sem talað var við (‘afburða góðir ... gætu ekki verið betri ... frábærar’). Í viðtölum voru þær taldar veita óaðfinnanlega faglega forystu, vera metnaðarfullar, góðir skipuleggjendur, vinnusamar og góðar fyrirmyndir í einu og öllu. Áhugi og festa þótti einkenna störf þeirra beggja. Þær leystu öll mál jafnóðum og tækju vel á agamálum. Þá þóttu kennarafundir vel skipulagðir og góður vettvangur til umræðna og skoðana-

skipta. Allir voru sammála um að skólastjórnendum væri umhugað um að gera skólann aðlaðandi og smekklegan og gengju sjálfar á undan í þeim efnum.

Þegar leitað var eftir því sem betur mætti fara var fátt um svör hjá viðmælendum en helst mætti nefna að stundum væri ef til vill fulllangt gengið í kröfum til starfsfólks ('ofstjórnun'). Áhersla var þó lögð á að stjórnendur gættu þess ávallt að hafa samráð um ákvarðanir en stundum væri ef til vill farið of geyst.

Foreldrar voru í spurningalista beðnir um álit á stjórnun skólans og töldu 30 (57,7%) hana í heild mjög góða og 14 (26,9%) í góðu lagi (átta eða 15,4% höfðu ekki skoðun). Þessar niðurstöður eru þær jákvæðustu sem fengist hafa í könnunum Rannsóknarstofnunar KHÍ.

Foreldrar voru einnig spurðir hvort skólastjórnendur væru áhugasamir um að bæta skólastarfið. Voru allflestir (85,7%) mjög sammála um að svo væri (sjö eða 14,3% voru nokkuð sammála).

Nemendur eru einnig ánægðir með samskipti við skólastjórnendur, 17 (44,7%) sögðu þau mjög góð, 16 (42,1%) nokkuð góð og einn (2,6%) mjög slæm (fjórir eða 10,5% höfðu ekki skoðun).

Mat skýrsluhöfunda er að Hallormsstaðaskóla sé mjög vel stjórnað.

Skólanámskrá, heimasíða og fréttabréf

Skólanámskrá Hallormsstaðaskóla hefur verið gefin út í 18 ár. Notaðar hafa verið tvær útgáfur af skólanámskránni, önnur nefnist *Fróði* (lengri útgáfan með almennum hluta skólanámskrár og námskrá einstakra greina) og hin *FáFróði* (styttri útgáfan með almennum hluta námskrárinnar, viðbótum og breytingum) sem gefin er út annað hvert ár. Áhersla hefur verið lögð á að námskráin sé í stöðugri endurskoðun. Skólanámskráin er afar vönduð og framsetning upplýsinga í alla staði til fyrirmyndar. Þar er m.a. að finna allar hagnýtar upplýsingar, lýsingu á þróunarverkefnum, umfjöllun um aga og umgengni, samskipti heimila og skóla og forvarnir. Einnig er þar kynnt áætlun um mat á skólastarfi til ársins 2004. Innan á baksíðu skólanámskrár er stutt ágrip á íslensku og ensku um skólann.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér námskrá skólans (Fróða, FáFróða). Talsvert, sögðu 34 (65,4%), sjö (13,5%) höfðu kynnt sér hana mjög vel, aðrir sjö (13,5%) lítið og einn (1,9%) ekkert (þrír (5,8%) höfðu ekki skoðun).

Á *heimasíðu* Hallormsstaðaskóla (http://hall.ismennt.is/) eru eins og áður segir hagnýtar upplýsingar um skólann og starfið í skólanum. Skilaboð til foreldra eru í

dagbókarformi auk þess sem sagt er frá skemmtilegum viðburðum úr skólastarfi og félagslífi í máli og myndum.

Ljóst er að heimsóknir foreldra inn á síðuna mættu vera tíðari. Helmingur foreldra (50%) segist sjaldan skoða heimasíðu skólans og 13 (25%) aldrei. Aðeins einn (1,9%) notar hana mjög oft. Skýringar á þessu kann að mega rekja til lélegra nettenginga á heimilunum.

Fréttabréf (ein síða) er gefið út þrisvar til fjórum sinnum í mánuði eða eins oft og þurfa þykir. Aðspurðir voru foreldrar mjög jákvæðir gagnvart fréttabréfinu, 45 (86,5%) voru mjög sáttir og sjö (13,5%) nokkuð sáttir.

Þróunarstarf og umbætur

Kennarar og stjórnendur skólans hafa, eins og áður greinir, verið duglegir við að reyna nýjar kennsluaðferðir / kennsluhætti til þess að bæta skólastarfið og þá sérstaklega á byrjenda- og miðstigi. Unnið hefur verið að ýmsum þróunarverkefnum við skólann undanfarin ár. Þessi verkefni eru nú í vinnslu:

?? *Verkefnið Skólaskógur*. Hallormsstaðaskóli er einn af þremur skólum landsins sem vinna að því að þróa verkefnið. Skólanum er úthlutaður reitur í skóginum og þar verður gerð útikennslustofa. Markmiðið er að auka umhverfisvitund nemenda, virðingu þeirra og þekkingu á lífríkinu í kringum þá.

?? *Alþjóðlegt umhverfisverndunarverkefni 'Grænfáninn'*. Markmiðið er að efla vitund nemenda og starfsfólks um mikilvægi umhverfisverndar. Umhverfisstefna hefur verið mótuð innan skólans og umhverfisfræðsla er á öllum skólastigum. Afhending 'Grænfánans' fer fram haustið 2003 (sjá http://hall.ismennt.is/Endanleg%20skrsla%20me%20brfhaus.pdf).

?? Skólinn er, ásamt fjórum öðrum skólum í Evrópu, þátttakandi í *Comeníusarverkefninu 'The Tree'* sem miðar m.a. að því að auka umhverfisvitund og á að fléttast inn í allar námsgreinar skólans (sjá http://www.ismennt.is/not/jga/tree/welcome.htm).

?? *Stærðfræðiverkefni – þróunarverkefni* 2001–2002 (sjá http://www.ismennt.is/not/allimar/). Þessi vefur er hugsaður sem hjálpartæki fyrir stærðfræðikennara á unglingastigi og er ætlað að svara spurningum kennarans um hvaða námsefni uppfylli markmið Aðalnámskrár grunnskóla. Nemendur hafa einnig aðgang að þessum upplýsingum.

?? *Verkefni um Færeyjar*. Samstarfsverkefni nemenda í 7. bekk úr Grunnskólanum á Egilsstöðum og Eiðum og Hallormsstaðaskóla. Sameiginlegt verkefni landanna sem hefur það markmið að kynna íslenskum börnum Færeyjar og færeyskum börnum Ísland, vekja áhuga þeirra og auka þekkingu á sögu, landafræði, menningu og íbúum þessara landa. Nemendur skólanna hafa gert vef um Færeyjar (sjá http://www.egilsstadir.is/faereyjar/).

?? *Norrænt samstarf*. Nemendur kynnist jafnöldrum á Norðurlöndum í gegnum tölvusamskipti. Fyrirhuguð er ferð 9. og 10. bekkjar til Norðurlanda en slíkar ferðir hafa verið farnar undanfarin ár.

Í viðtölum við kennara kom fram að mikil vinna hefur verið lögð í framangreind verkefni og að þeirra mati hafi þurft fleiri 'tíma í sólarhringinn' til þess að gera eins vel og allir hefðu viljað. Vinnu við þróunarverkefni fylgi oft mikið álag sem gæti komið niður á undirbúningi fyrir kennslu. Menn fari þó ekki tilneyddir í þessa vinnu því hvert verkefni er kynnt á kennarafundi og sameiginleg ákvörðun tekin um það hvort í það skuli ráðist. Allir eru sammála um að þróunarstarfið sé 'skapandi' og hafi mikið gildi fyrir skólastarfið.

Sjálfsmat / innra mat skólans

Sjálfsmatsaðferðir skólans hafa verið í mótun undanfarin ár og hefur verið sótt á ýmis mið í leit að hugmyndum. Segja má að ýmsum aðferðum sé fléttað saman við matið. Komið hefur verið á fót starfshópi skólastjórnenda, fullrúa kennara og annarra starfsmanna og stýrir hann matsvinnunni.

Þungamiðja í matinu eru annars vegar starfsmannaviðtöl, en tvö af fjórum starfsmannaviðtölum eru helguð innra mati skólans, og hins vegar matsfundir sem haldnir eru tvisvar á ári með öllu starfsfólki skólans. Á matsfundunum er farið yfir veikar og sterkar hliðar í starfi skólans og hugmyndum safnað um það sem betur má fara. Niðurstöður eru skráðar og birtar í skýrslum. Þá eru haldnir samráðsfundir með nemendum þar sem rætt er um skólastarfið og líðan nemenda.

Við sjálfsmat skólans hefur einnig verið stuðst við matstækið GrunnSkólarýni sem hannað er af starfsmönnum Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri. Lagðar voru fyrir starfsmenn skólans 360 spurningar sem vörðuðu þrjú svið: yfirstjórn, starfskenningu og frammistöðu. Sjálfsmatsskýrslan var unnin í mars sl. Í henni birtast m.a. úrvinnsla og helstu niðurstöður matsins sem fram fór skólaárið 2001–2002 og fram á mitt skólaár 2002–2003. Þessi skýrsla er mjög vel unnin. Vandlega er farið yfir alla þætti skólastarfsins og styrkur og veikleiki koma vel fram, ásamt tillögum til úrbóta. Í skólanum er unnið eftir skólaþróunaráætlun sem byggð er á sjálfsmatinu.

Fyrirhugað var að leggja nafnlausar kannanir með spurningalista fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk og alla foreldra skólans, en þegar ljóst var að könnun yrði gerð í skólanum, í tengslum við þessa skýrslugerð, var ákveðið að nýta niðurstöður hennar í þeirra stað. Áframhaldandi matsvinna mun því byggja að nokkru á þeim gögnum sem kynnt eru í þessari skýrslu. Hugmynd matshópsins er að fá fram heildaryfirlit ('loftmynd') af sterkum og veikum hliðum skólastarfsins (Sif Vígþórsdóttir o.fl. 2003:12).

Mat skýrsluhöfunda er að mjög faglega sé staðið að innra mati í Hallormsstaðaskóla og að margt í þeim efnum geti verið öðrum til eftirbreytni.

Starfsandi, skólabragur og agi

Mjög góður starfsandi er í Hallormsstaðaskóla og samskipti starfsfólks opin og hreinskiptin (‘mál eru rædd ... ekkert baknag ... allir hafa sinn rétt’). Starfsfólki líður mjög vel á þessum vinnustað (‘gott að vera og vinna ... notalegur vinnustaður ... samskipti mjög góð ... gefandi ... léttleiki’) og vel er tekið á móti nýju starfsfólki (‘allir boðnir og búnir’).

Skýrsluhöfundar dvöldu á staðnum í tvo daga, borðuðu hádegismat með nemendum, fylgdust með þeim á göngum skólans og í leik á skólalóð. Annar skýrsluhöfunda fór inn í kennslustund hjá yngstu börnunum í Selinu og hjá nemendum á miðstigi. Einnig lögðu þeir spurningalista fyrir nemendur á skólatíma. Skólabragur var með ágætum, börnin frjálsleg í fasi, glaðleg og prúð. Eftir því var tekið hve samskipti starfsfólks og barna (sérstaklega unglinganna) virtust alúðleg og óþvinguð.

Í viðtölum við starfsfólk skólans kom fram að skólabragur væri góður og agavandamál væru óveruleg í skólanum, en auðvitað væru í skólanum ‘líflegir unglingar sem færu ekki alltaf að fyrirmælum’. Nemendur væru yfirleitt prúðir og frjálslegir en þekktu sín mörk.

Í viðtölum við fulltrúa foreldra kom fram sú skoðun að skólastjórnendur tækju vel á agabrotum og sýndu mikla hæfni á því sviði (‘ofboðslega góð í að tala við óþekka krakka’). Börnin kæmu ekki hnípin né sakbitin af fundi með stjórnendum, þeim tækist yfirleitt að vinna traust nemenda sem leiddi til þess að nemendur væru óhræddir og frjálslegri í framkomu en almennt tíðkast í skólum.

Þessi jákvæðu viðhorf koma ekki jafn greinilega fram í svörum foreldra þegar þeir voru beðnir um að meta stöðuna í agamálum. Tæplega helmingur (44,2%) foreldra taldi góðan aga vera í skólanum en 20 (38,5%) töldu hann sæmilegan. Fjórir (7,7%) sögðu agaleysið talsvert (fimm eða 9,6% höfðu ekki skoðun). Það eru einkum foreldrar barna á miðstigi sem hafa áhyggjur af agaleysi.

Mun fleiri töldu að góður agi ríkti í bekk barna sinna eða 28 (53,8%) á meðan 13 (25%) sögðu að agi væri sæmilegur. Þá þótti fimm (9,6%) talsvert agaleysi ríkja í nemendahópum (sex höfðu ekki skoðun). Spurt var um hvort foreldrar væru sammála þeirri fullyrðingu að skólinn tæki af festu á agavandamálum. Þessu voru 22 (44%) nokkuð sammála, 14 (28%) mjög sammála og sjö (14%) mjög ósammála (sjö tóku ekki afstöðu).

Nær allir foreldrar eru jákvæðir gagnvart skólareglum í Hallormsstaðaskóla, 29 (58,8%) eru mjög sáttir, 22 (42,3%) eru nokkuð sáttir (átta eða 15,4% hafa ekki skoðun).

Nemendur hafa heldur ekki mikið út á reglurnar að setja, sjö (18,4%) álíta þær mjög sanngjarnar, 15 (39,5%) nokkuð sanngjarnar, 12 (31,2%) hafa ekki skoðun á reglunum, tveir (5,3%) segja þær fremur óréttlátar og tveir (5,3%) mjög óréttlátar.

Ljóst er að viðmælendur skýrsluhöfunda gefa skólanum hærri einkunn í agamálum en niðurstaða af mati foreldra í spurningalistakönnun gefur til kynna. Í samtali við skólastjórnendur kom fram að þeir hafa skýra stefnu í agamálum. Mikið er lagt upp úr því að vinna traust nemenda. Ekki er gripið til þess að skamma nemendur brjóti þeir eitthvað af sér. Reglan er sú að þeir eru kallaðir inn á skrifstofu skólastjóra og teknir á 'hval'beinið (orðatiltæki í skólanum því á skrifstofu skólastjóra er að finna hvalbein). Málin séu rædd og alltaf leitast við að leysa þau þannig að nemandinn fari út með reisn.

Einelti – líðan – áföll

Í umfjöllun um einelti og félagatengsl í skólanámskrá (FáFróða, bls. 21–22) kemur fram að einelti sé ekki liðið í skólanum og 'litið mjög alvarlegum augum'. Starfsfólk hefur mótað eineltisáætlun og á þessu skólaári hefur verið unnið að endurskoðun hennar. Stefnt er að því að endanleg áætlun muni liggja fyrir vorið 2003. Þá er til í skólanum ítarleg aðgerðaáætlun vegna hugsanlegra áfalla sem aðrir skólar hafa sóst eftir að fá til eigin afnota.

Viðmælendur greina frá því að þótt einelti komi alltaf upp annað slagið verði það aldrei að stórmáli.

Foreldrar voru spurðir hvort börn þeirra hefðu orðið fyrir einelti eða mjög alvarlegri stríðni í skólanum á skólaárinu. Aðeins fimm foreldrar könnuðust við að barn þeirra hefði orðið fyrir einelti eða alvarlegri stríðni. Þeir nefndu að eineltið hefði átt sér stað innan veggja skólans, einn nefndi að eineltis hefði orðið vart í búningsklefum íþróttahúss og í skólabíl og annar nefndi dæmi um einelti í frímínútum. Að öðru leyti töldu foreldrar að barninu liði mjög vel (25 eða 48,1%) eða oftast vel (24 eða 46,2%) í skólanum. Aðeins tveir (3,8%) nefndu að barninu liði oft illa.

Í spurningalista voru nemendur í 4.-10. spurðir um útbreiðslu eineltis í skólanum og hvort þeir sjálfir hefðu lent í einelti í skólanum eða skólabílnum. Rúmlega helmingur þeirra (52,6%) taldi eineltið nánast ekkert eða lítið (36,8%), tveir (5,3%) töldu það nokkuð mikið (tveir voru hlutlausir). Sjö (20%) nemendur sögðust hafa lent sjálfir í

einelti í skólanum þá aðallega í ‘matsalnum og í skóklefa’. Gerendur hafi í flestum tilvikum verið elstu nemendur skólans.

Að öðru leyti segja nemendur að þeim líði bara vel í skólanum. Tæplega helmingi (42,1%) nemenda líður afar vel, 14 (36,8%) nokkuð vel og átta (21,1%) sæmilega. Engum líður illa. Flestum þykir líka mjög gaman (21 eða 55,3%) í frímínútunum og 14 (36,8%) nokkuð gaman (þremur (7,9%) þykir sæmilegt). Ekki telja nemendur að það sé mikil stríðni í skólanum, aðeins fjórir segja hana mikla (sjá viðauka 2).

Viðhorf nemenda

Viðhorf nemenda voru, eins og fram hefur komið, könnuð með nafnlausum spurningalista sem lagður var fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk sem staddir voru í skólanum 2. apríl sl.

Viðhorf nemenda til skólans eru jákvæð. Tuttugu (52,6%) segja Hallormsstaðaskóla mjög góðan skóla, 15 (39,5%) segja hann nokkuð góðan og þrír (7,9%) sæmilegan. Yngri börnin eru jákvæðari en þau eldri og viðhorf stúlkna eru jákvæðari en drengja.

Í samanburði við aðra skóla telja 13 (37,1%) nemendur Hallormsstaðaskóla mun betri en aðra skóla, 10 (28,6%) talsvert betri og níu (25,7%) jafngóðan (tveir telja hann verri og einn mun verri en aðra skóla). Ellefu nemendur (28,9%) taka undir þá fullyrðingu að þeim þyki vænt um skólann sinn, fjórtán (36,8%) eru sammála, tveir (5,3%) eru ósammála og einn (2,6%) er mjög ósammála (tíu eða 26,3% eru hlutlausir).

Það besta við skólann er að þeirra mati hve krakkarnir eru skemmtilegir (svör 9 nemenda við opnum spurningum) og allir þekki alla (segja átta). Þá eru margir ánægðir með mötuneytið. Í svörum fimm nemenda sést hve mikið þeir sakna heimavistarinnar. Einum nemanda er mikið niðri fyrir ‘það besta við skólann er heimavistin, krakkarnir, heimavistin, heimavistin.’ Það versta við skólann er, enn og aftur, að ekki sé lengur heimavist við skólann en þetta atriði nefna níu nemendur. Ýmislegt annað er nefnt, t.d. segja tveir nemendur að fámennið sé ókostur og að heimkeyrslan sé leiðinleg. Aftur á móti vekur athygli að sjö (31 svaraði) nemendum dettur ekki neitt neikvætt í hug í sambandi við skólann.

Aðspurðir telja þeir sig fylgjast vel með í kennslustundum. Flestir eða 22 (57,9%) segjast oftast fylgjast vel með, 10 (26,3%) alltaf og sex (15,8%) stundum. Mat 17 (44,7%) nemenda er að vinnufriður sé sæmilegur, fimm (13,2%) segja hann mjög góðan, 10 (39,5%) nokkuð góðan og einn (2,6%) segir að hann sé slæmur.

Níu (23,7%) nemendum finnst námið í skólanum vera erfitt, 16 (42,1%) segja það mátulegt, fimm (13,2%) nokkuð létt og átta (21,1%) létt. Jafnframt segjast 22 (57,9%) nemendur yfirleitt læra nokkuð mikið í skólanum, þrír (7,9%) læra alltaf mjög mikið og aðrir þrír (7,9%) læra lítið. Tíu (26,3%) hafa ekki skoðun á því hvort þeir læri mikið eða lítið í skólanum.

Nemendur voru beðnir um að lýsa samskiptum nemenda og kennara í skólanum. Svör nemenda eru fremur jákvæð, níu (23,7%) telja þau mjög góð, 16 (42,1%) nokkuð góð, 10 (26,3%) sæmileg og þrír (7,9%) fremur slæm.

Nemendur voru í spurningalista spurðir hvað væri það besta og það versta við kennarana. Kennarar fá yfirleitt góðan vitnisburð hjá nemendum (taldir útskýra vel, hlusta á nemendur, hjálplegir, þolinmóðir, skemmtilegir). Í neikvæðum athuga-semdum var kvartað undan ströngum kennurum og að heimanám væri alltof mikið. Þá voru kennarar (kennari) gagnrýndir fyrir að tala of mikið í kennslustundum.

Í spurningalista voru nemendur spurðir álits á kennurunum og töldu 13 (34,2%) þá mjög góða, 11 (28,9%) nokkuð góða og 10 (26,3%) sæmilega. Fjórir nemendur (10,5%) sögðu að kennararnir væru slæmir. Drengirnir voru ívið neikvæðari en stúlkurnar.

Nemendur voru allflestir ánægðir með umsjónarkennarann sinn, 14 (36,8%) töldu hann mjög góðan, 12 (31,6%) nokkuð góðan og níu (23,7%) sæmilegan. Þrír nemendur (7,9%) sögðu kennara slæma. Gott samband við umsjónarkennara kemur vel fram þegar spurt var til hvaða starfsmanns nemendur leituðu helst þegar eitthvað væri að, en þá segjast nemendur yfirleitt leita til umsjónarkennara síns. Athygli vekur einnig að margir segjast leita til skólastjórnenda með persónuleg mál.

Nemendur voru spurðir um skoðun sína á viðmóti annarra starfsmanna en kennara. 13 (34,2%) þótti viðmótið mjög gott, 13 (34,2%) nokkuð gott, 11 (28,9%) sæmilegt og einn (2,6%) sagði það mjög slæmt.

Spurt var um hvort nemendum þættu skóladagar fljótir eða lengi að líða. Tæplega helmingi nemenda (16 eða 42,1%) þótti skóladagarnir nokkuð fljótir að líða og tveimur (5,3%) mjög fljótir að líða. Sjö (18,4%) voru hlutlausir. Sex (15,8%) nemendur segja skóladaginn nokkuð lengi að líða og sjö (18,4%) mjög lengi að líða.

Nemendur er nokkuð jákvæðir í mati sínu á námsefni sem notað er í skólanum. Flestum, eða 17 (47,2%) þótti það sæmilegt, níu (25%) nokkuð skemmtilegt og tveimur (5,6%) mjög skemmtilegt. Fimm (13,9%) þótti námsefnið leiðinlegt og þremur (8,3%) mjög leiðinlegt.

Nemendur voru spurðir hvernig þeim fyndust hæfileikar sínir njóta sín í skólanum. Átta (21,1%) sögðu mjög vel, 10 (26,3%) nokkuð vel, 14 (36,8%) sæmilega, fjórir (10,5%) illa og tveir (5,3%) mjög illa. Nemendur á miðstigi voru aðeins neikvæðari en þeir eldri.

Nemendur voru nokkuð sáttir við námshópinn sinn, 12 (31,6%) sögðust vera í mjög góðum hópi, 14 (36,8%) í nokkuð góðum, sjö (18,4%) í sæmilegum, fjórir (10,5%) í slæmum og einn (2,6%) í mjög slæmum hópi.

Svipaðar niðurstöður komu fram þegar spurt var um félagsanda, 26 (68,4%) sögðu hann mjög góðan og nokkuð góðan, 10 (26,3%) sögðu hann sæmilegan, enginn slæman en tveir (5,3%) mjög slæman.

Mikill meirihluti nemenda eða 26 (70,3%) taldi kennara sína vera passlega stranga, 10 (27%) heldur of stranga og einn (2,7%) sagði þá alls ekki nógu stranga. Aftur á móti vildu ekki allir nemendurnir taka undir það að kennararnir væru þolinmóðir, 16 (43,2%) voru hlutlausir í afstöðu sinni, 11 (29,7%) töldu þá nokkuð þolinmóða, fjórir (10,8%) mjög þolinmóða, fimm (13,5%) heldur óþolinmóða og einn (2,7%) mjög óþolinmóða.

Aðeins sjö nemendur (18,4%) könnuðust við að þeim væri hrósað mjög oft í skólanum, 13 (34,2%) var hrósað nokkuð oft, öðrum 13 (34,2%) stundum, þremur (7,9%) sjaldan og tveimur (5,3%) mjög sjaldan.

Þegar litið er á ofangreindar niðurstöður og þær bornar saman við niðurstöður sem fengist hafa í könnunum meðal nemenda í öðrum skólum sem starfsmenn Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans hafa metið kemur í ljós að viðhorf nemenda í Hallormsstaðaskóla eru í heild jákvæðari en gerist og gengur.

Félagslíf

Eftir að heimavistin var lögð niður er boðið upp á svonefnda heimavistardaga. Nemendur gista t.d. tvisvar sinnum á haustmisseri í skólanum, þá er í boði danskennsla og náttfataball og jólaskemmtun undirbúin. Í apríl dvelja nemendur tvær vikur á heimavist til þess að æfa fyrir leiksýningu og undirbúa árshátíð. Auk þess fara nemendur í ferðalög og halda dansleiki (diskótek). Eldri nemendur skólans geta einnig sótt félagsmiðstöð á Egilsstöðum. Skáklíf er mikið í skólanum og löng hefð fyrir því.

Í máli nokkurra viðmælenda kom fram að félagslíf unglinganna væri ekki eins öflugt og það var meðan heimavistar naut við og að mikilvægt væri að efla samskipti þeirra við jafnaldra í öðrum skólum.

Í svörum nemenda um mat þeirra á félagslífinu í skólanum kemur fram að 10 (26,3%) segja það mjög gott, 15 (39,5%) nokkuð gott, 11 (28,9%) sæmilegt og tveir (5,3%) slæmt.

Í spurningalista voru nemendur beðnir um að nefna það sem helst þyrfti að breyta í skólanum. Athygli vekur hversu margar athugasemdir krakkanna varða félagslífið almennt. Þeir vilja 'fá meiri tíma til að hitta krakkana á kvöldin', 'hafa oftar diskótek', 'lengja frímínútur' og mjög margir vilja fá heimavistina aftur. Nokkrir nemendur nota tækifærið og nefna þessa ósk aftur í viðbótarathugasemdum í lok spurningalista. Dæmi:

> Heimavist, fleiri diskótek og meira félagslíf.
>
> Meiri heimavist! ... Það mættu vera meiri samskipti milli grunnskólanna.
>
> Fá meiri tíma til að hitta krakkana á kvöldin.

Í spurningalista voru foreldrar spurðir um afstöðu sína til þess félagsstarfs sem nemendur eiga kost á í skólanum. Um helmingur foreldra (27 eða 51,9%) er nokkuð sáttur en aðeins fimm (9,6%) mjög sáttir í þessu máli. Þá eru níu (17,3%) nokkuð ósáttir við félagsstarfið (en tveir höfðu ekki skoðun). Dæmi um þessa neikvæðu afstöðu má sjá í þessum orðum foreldra:

> Félagslífi og tómstundastarfi hefur hrakað eftir að heimavist var lögð niður að mestu. Móta þarf stefnu um það hvernig félags- og tómstundastarfi verður háttað eftir að heimavist er aflögð (skóli, foreldrar og nemendur).
>
> Félagsstarfið hefur farið halloka.
>
> Það er skortur á tengingu við íþrótta- og félagsstarf á Egilsstöðum.

Foreldrasamstarf

Skólastjórnendur og kennarar leggja mikið upp úr því að eiga góð samskipti við foreldra.

Eins og áður er nefnt kemur skólanámskráin inn á hvert heimili í upphafi skólaárs, skólastjórnendur eða kennari heimsækir hvert heimili að hausti á svokölluðum skólaboðunardegi, fréttabréf er gefið út tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði og á heimasíðu skólans má finna hagnýtar upplýsingar um daglegt starf í skólanum o.fl. Foreldraviðtöl eru þrisvar á ári. Á haustin er efnt til námsefniskynninga (Fróðakvöld). Ótaldir eru ýmsir viðburðir í skólalífinu (skólasetning og skólaslit, árshátíðir, leiksýningar o.fl.) sem eru vel sóttir af foreldrum.

Í skólanámskrá kemur fram í inngangsorðum skólastjóra að upplýsingastreymi milli skóla og heimilis sé ‘mikilvægasta forsenda þess að skólastarfið verði árangursríkt og skili því til nemenda sem því er ætlað’. Treyst er ‘... á gott samband við heimilin...’ (FáFróði 18. árg., bls. 1).

Í viðræðum við starfsmenn skólans um foreldrasamstarfið kom fram að eftir að heimavist var lögð niður væri ekki eins mikið samband við foreldra og áður. Foreldrar sækja vel skemmtanir sem haldnar eru í skólanum en það er upp og ofan með þátttöku þeirra í öðrum foreldrafundum, t.d. hafa þeir ekki verið duglegir að mæta á kynningarfund sem haldinn er í upphafi skólaárs (helmingur foreldra sótti kynningarfund vegna námsefniskynningar haustið 2003). Foreldraviðtöl eru aftur á móti mjög vel sótt og einnig koma foreldrar oft í heimsókn í skólann.

Í könnun skýrsluhöfunda kváðust allir foreldrar hafa komið í foreldraviðtal. Meirihluta þeirra (44 eða 84,6%) þótti viðmót kennara í viðtölunum mjög þægilegt og átta (15,4%) sögðu það nokkuð þægilegt. Spurt var hvort foreldrar fengju upplýsingar um allt sem máli skipti í viðtölunum. Taldi 31 (59,6%) upplýsingarnar mjög gagnlegar og 19 (36,5%) nokkuð gagnlegar. Einn hafði ekki skoðun og annar sagði þær gagnlitlar. Flestir voru sáttir við fyrirkomulag foreldraviðtala, 35 (67,3%) voru mjög sáttir og 14 (26,9%) voru nokkuð sáttir (þrír eða 5,8% höfðu ekki skoðun).

Í viðræðum við starfsfólk og könnun meðal foreldra kom fram almenn ánægja með skólaboðunardaginn. Á þeim degi, sem er fyrsti skóladagur ársins, fara kennarar og skólastjórnendur heim til allra nemenda skólans og boða börnin persónulega til skóla, ræða við þau og foreldrana um hvað hefur á dagana drifið um sumarið og miðla ýmsum upplýsingum um komandi skólaár.

Þegar foreldrar voru í könnun spurðir um álit sitt á skólaboðunardeginum kom fram að mikill meirihluti þeirra (45 eða 86,5%) er mjög sáttur við þessa tilhögun, tveir (5,8%) eru nokkuð sáttir og aðeins einn (1,9%) ósáttur.

Foreldrafélag og foreldraráð starfa við skólann. Foreldraráðið kemur m.a. að gerð skólanámskrár í samráði við skólastjórnendur. Samskipti foreldraráðs og skólastjórnenda eru afar góð og sl. fimm ár hefur aldrei komið til kasta foreldrafélags né foreldraráðs að fjalla um neikvæð mál sem varða skólann.

Foreldrafélagið við skólann er virkt og stendur fyrir ýmsum viðburðum í skólalífinu. Auk þess hefur það beitt sér í umbótum fyrir skólann. Sem dæmi má nefna að félagið byggði upp leikvöll skólans og hefur séð um viðhald hans.

Eins og sjá má af þessu yfirliti er samstarf foreldra og starfsfólks fjölþætt og gott og ríkir um það ágæt sátt. Sú skoðun kom þó fram hjá kennurum að foreldrar mættu hafa meira frumkvæði að því að hafa samband við skólann og samstarf mætti efla enn frekar með því t.d. ‘að foreldrar komi með tillögur að viðfangsefnum eða taki þátt í þemavinnu’. Þeir treysti kannski skólanum um of fyrir börnum sínum. Í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram það viðhorf að ‘foreldrar mættu koma meira að stefnumörkun skólans’ (Sif Vígþórsdóttir o.fl. 2003:26).

Viðhorf foreldra til skólans

Viðhorf foreldra til skólans eru jákvæð og raunar þau jákvæðustu sem mælst hafa í hliðstæðum könnunum. Í könnun skýrsluhöfunda lýsti rúmur helmingur þeirra (33 eða 64,7%) mjög jákvæðum viðhorfum en 17 (33,3%) nokkuð jákvæðum (einn var hlutlaus). Enn fremur sögðust 32 (61,5%) geta mælt sterklega eða ágætlega (19 eða 36,5%) með skólanum við aðra foreldra. Aðeins einn mælti með honum að nokkru leyti. Mjög margir, eða 37 (74%), sögðu skólann betri í samanburði við aðra skóla en aðeins 11 (22%) svipaðan öðrum skólum (tveir töldu skólann verri en aðra skóla). Þeir voru einnig spurðir um hvert væri álit almennings í sveitarfélögunum á skólanum. Í svörunum kom fram að 34 (65,4%) töldu skólann í góðu áliti en 13 (25%) í nokkuð góðu áliti.

Í könnuninni var spurt um viðhorf foreldra til umsjónarkennara og reyndust þau yfirleitt jákvæð, 40 (76,9%) voru mjög jákvæðir, átta (15,4%) kváðust nokkuð jákvæðir en fjórir (7,7%) voru hlutlausir.

Einnig var spurt hvernig samstarf foreldra væri við umsjónarkennara. Mjög margir (41 eða 80,4%) kváðu það mjög gott og sjö (13,7%) nokkuð jákvætt. Þrír (5,9%) voru hlutlausir. Í báðum tilvikum eru foreldrar yngstu og elstu barnanna jákvæðastir.

Umhverfi - aðstaða

Eins og áður er nefnt er skólinn staðsettur í Hallormsstaðaskógi og því varla hægt að hugsa sér betra umhverfi fyrir börn að dvelja í. Stór knattspyrnuvöllur er á skólalóðinni ásamt afar stóru leiksvæði fyrir yngstu börnin. Að mati viðmælenda er þó ýmislegt sem þarf að bæta varðandi lóð og viðhald skólahúss. Leiksvæði handa yngsta aldurshópnum þarf að skipuleggja upp á nýtt og fjölga leiktækjum. Áætlanir eru uppi um þetta.

Skólahúsnæðið virðist, að mati skýrsluhöfunda, afar rúmgott og bjart. Falleg húsgögn með hægindastólum og sófum prýða skólann. Blóm, myndir, kort og verkefni nemenda á veggjum gera húsnæðið hlýlegt og heimilislegt. Þá er skólinn vel búinn tækjum.

Aðstaðan er þó ekki að öllu leyti fullkomin eins og fram kom í viðræðum við starfsfólk skólans. Margt af því sem nefnt var er fyrirhugað að laga og byrjað að undirbúa framkvæmdir. Dæmi um það er aðstaða fyrir mynd- og handmenntakennslu í kjallara skólahússins sem liggur fyrir að bæta auk þess sem stendur til að taka til endurskoðunar húsnæði sem skóladagheimilið hefur haft til umráða. Aðstöðuleysi hefur sett mark sitt á kennslu í nokkrum greinum og má þar nefna smíðar, handmennt og náttúrufræði. Fyrirhugað er að koma þessum málum í lag fyrir næsta skólaár. Eins má nefna að tölvukennsla fer fram í ónothæfu, gluggalausu rými og áríðandi að bæta loftræstingu. Bókasafn þarf að bæta (stækka) eða færa á annan stað. Það er nú notað sem kennslurými fyrir byrjenda- og miðstig og nýtist því ekki nógu vel sem bókasafn.

Skóladagheimilið er nú í heldur þröngum húsakynnum en til stendur að bæta úr því.

Tónmenntakennari taldi þörf á sérstofu fyrir tónmenntakennsluna, aðstaðan væri ekki nógu góð því þar færi einnig fram önnur kennsla.

Skólastofur eru að öðru leyti ágætlega rúmgóðar og vel búnar kennslutækjum. Kennarar vildu þó gjarna fá fartölvu í hverja stofu en að því er unnið. Húsnæðið

virðist vel nýtt og er t.d. gangur notaður sem hluti af kennslurými fyrir byrjendur og miðstig.

Vel er búið að kennurum og eru þeir ánægðir með vinnuaðstöðu sína. Athygli skýrsluhöfunda var þó vakin á því að í raun væri engin hefðbundin kennarastofa í skólanum.

Eins og fram hefur komið er hótel rekið í skólahúsnæðinu á sumrin. Af því leiðir að talsverð vinna er fólgin í því fyrir starfsfólk að ‘pakka skólanum niður’ á vorin og ‘taka hann upp aftur’ á haustin. Á móti kemur að hótelreksturinn leiðir til betra viðhalds en ella væri. Þá nýtur skólinn góðs af þeim tekjum sem fást af hótelrekstrinum.

Foreldrar voru í spurningalista beðnir um álit á aðstöðunni í skólanum (skólastofum, búnaði, tækjum). Rúmlega helmingur foreldra (53,8%) taldi hana yfirleitt í góðu lagi en einungis fjórir (7,7%) sögðu hana í heild mjög góða. Tuttugu (13,5%) töldu aðstöðuna í mörgu áfátt.

Nemendur voru að sama skapi spurðir um aðstöðu og búnað í skólastofum. Afstaða þeirra var nokkuð jákvæð, fimm (13,2%) töldu hana mjög góða, 14 (36,8%) nokkuð góða, 15 (39,5%) sæmilega, fjórir (10,6%) töldu hana fremur slæma eða mjög slæma.

Aðstaða nemenda í frímínútum er að mati 10 (27%) þeirra mjög góð, 11 (29,7%) nokkuð góð, 14 (37,8%) sæmileg og tveir (5,4%) telja hana fremur slæma.

Skólinn hefur yfir að ráða mjög velútbúnu eldhúsi og stórum og vistlegum borðsal.

Allflestir foreldrar (84,6%) eru ánægðir með þá þjónustu sem veitt er í mötuneyti skólans. Aðeins sex (11,5%) segjast nokkuð sáttir og tveir hafa ekki skoðun á mötuneytismálunum. Sömuleiðis telja nemendur mötuneytið gott, 14 (36,8%) segja það mjög gott, 13 (34,2%) nokkuð gott, átta (21,1%) sæmilegt. Einn (2,6%) telur það nokkuð slæmt og tveir (5,3%) mjög slæmt.

Mat skýrsluhöfunda er að skólahúsnæðið sé allt sérstaklega aðlaðandi. Áberandi er hve öllu er smekklega fyrir komið og mikil áhersla lögð á hlýleika og snyrtilega umgengni.

Endurmenntun starfsmanna

Endurmenntunaráætlun 2001–2003 liggur fyrir í skólanum. Í áætluninni, sem birt er í skólanámskránni FáFróða 18. árg. bls. 40 og byggð er á könnun meðal starfsfólks um þarfir á þessu sviði, er lögð áhersla á endurmenntun, viðbótar- og framhaldsnám starfsmanna á sviði sérkennslu, tölvu- og upplýsingatækni, mat á skólastarfi, umhverfisfræðslu, námsmat, líðan á vinnustað og samkennslu.

Aðstoðarskólastjóri vinnur sérstaklega að endurmenntun og sér um að útbúa námsáætlun í tölvu- og upplýsingtækni fyrir hvern starfsmann og veitir honum einstaklingsbundna ráðgjöf. Hún heldur einnig námskeið fyrir starfsfólkið á þessu sviði.

Að sögn kennara og stjórnenda eru starfsmenn mjög duglegir við að sækja sér viðbótarmenntun og eru stjórnendur til að mynda báðir í framhaldsnámi við Kennaraháskóla Íslands.

Að mati skólastjórnenda er endurmenntun fyrir starfsfólk, annað en kennara, einnig mikilvæg. Haldnir hafa verið fræðslufundir fyrir allt starfsfólk skólans og er til að mynda á næsta ári fyrirhugað námskeið fyrir skólaliða í samstarfi við skólaskrifstofuna. Í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram að betur þurfi að útfæra endurmenntun annarra starfsmanna en kennara (Sif Vígþórsdóttir o.fl. 2003:27).

Í könnun í tengslum við sjálfsmat skólans voru kennarar spurðir að því hvort endurmenntunaráætlun skólans næði til þeirra og hvort hún gæfi þeim tækifæri og reyndust viðhorf þeirra mjög jákvæð til þessara mála.

Skólaakstur

Skólaakstur er í höndum verktaka og gengur hann mjög vel. Nemendum er ekið heim að húsi og þess gætt að einhver taki á móti þeim. Gæsla er í bílunum. Skólabílstjórar eru mjög ánægðir með öll samskipti við skólann.

Samstarf við skólaskrifstofu

Skólaskrifstofan er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Austurlandi. Skólinn sækir þangað einkum ýmsa sérfræði- og sálfræðiþjónustu. Mat allra viðmælenda er að samstarf Hallormsstaðaskóla og Skólaskrifstofu Austurlands sé með ágætum.

Stuðningur sveitarfélaganna

Mat fulltrúa í skólanefnd er að Hallormsstaðaskóli sé fyrirmyndarskóli þar sem faglegur metnaður sé í fyrirrúmi; í skólanum séu sterkir skólastjórnendur og frábært starfsfólk.

Þessi fámenni skóli er þó dýr rekstrareining og eru nokkrar áhyggjur uppi um framtíð hans. Nemendum fór fækkandi á tímabili en á síðustu árum hefur nemendafjöldi verið milli 50 og 60. Skólinn er mikil lífæð í byggðinni og þjónar veigamiklu félagslegu og menningarlegu hlutverki. Viðmælendur lögðu mikla áherslu á að áríðandi væri að leita leiða til að tryggja rekstur skólans til framtíðar. Nokkrar vonir eru bundnar við fólksfjölgun í tengslum við virkjunarmál.

Foreldrar voru spurðir um álit sitt á frammistöðu sveitarfélaganna sem reka skólann. Ekki virðast allir á einu máli um frammistöðuna, fimm (9,8%) segja hana mjög góða, 21 (41%) nokkuð góða, 13 (25%) ófullnægjandi og einn (2%) algjörlega ófullnægjandi (11 eða 21,6% taka ekki afstöðu).

Mat skýrsluhöfunda er að þrátt fyrir ofangreint mat og áhyggjur af framtíð skólans ríki eindregin samstaða um rekstur hans. Afar brýnt er að eyða sem fyrst áhyggjum af framtíð skólans, ella gæti það haft slæm áhrif á starfsanda.

SAMANTEKT UM MAT Á SKÓLANUM

Sterkar hliðar

?? Í Hallormsstaðaskóla er rekið metnaðarfullt skólastarf sem einkennist af skýrri og vandaðri stefnumörkun, fagmennsku, mikilli vinnusemi og gæðum á flestum sviðum. Áhersla er lögð á góð samskipti og að koma til móts við þarfir hvers nemanda. Segja má að skólinn standi vel undir einkunnarorðum sínum: Nemendur eru einstakir.

?? Skólinn hefur á að skipa mjög hæfu starfsfólki. Kennarahópurinn er faglega sterkur og vel menntaður. Eftirtektarvert er hve vel kennarar ráða við samkennslu og nýta kosti hennar. Vel sýnist staðið að kennslu á öllum aldursstigum.

?? Starfsandi er framúrskarandi góður og einkennist af hreinskilni og opnum samskiptum. Góður starfsandi nær til allra starfsmanna skólans. Afar vel er tekið á móti nýju starfsfólki.

?? Starfsfólk skólans fæst við fjölmörg þróunarverkefni og er mjög vel að þeim staðið. Að umfangi eru þessi verkefni með þeim hætti að stærstu skólar gætu verið stoltir af.

?? Starfsfólk skólans hefur mótað vandaða endurmenntunaráætlun sem er hluti af stefnumörkun skólans.

?? Viðhorf foreldra til skólans eru mjög jákvæð og þau jákvæðustu sem mælst hafa í könnunum Rannsóknarstofnunar KHÍ.

?? Áhersla er lögð á foreldrasamstarf og góð samskipti við foreldra.

?? Viðhorf flestra nemenda til skólans eru góð. Þegar á heildina er litið eru þetta bestu niðurstöður sem fengist hafa í könnunum Rannsóknarstofnunar KHÍ.

?? Starfsfólki tekst afar vel að koma til móts við nemendur með námserfiðleika. Starfshættir skólans sýnast nálgast markmið *skóla án aðgreiningar*.

?? Stjórnendur skólans sýna mikinn dugnað og metnað í starfi og ná vel saman sem teymi. Skólanum er lýðræðislega stjórnað og áhersla lögð á virka þátttöku. Starfsmannasamtöl gegna þýðingarmiklu hlutverki og mikillar vandvirkni gætt við undirbúning þeirra og úrvinnslu. Stjórnendur taka vel á úrlausnarefnum sem upp koma og mikillar skilvirkni gætir í vinnubrögðum. Stjórnun skólans fær mikið hrós allra viðmælenda sem og í þeim könnunum sem gerðar voru.

?? Markvisst hefur verið staðið að innra mati skólans og vinnubrögð í þeim efnum eins og best verður á kosið.

?? Starfsfólk skólans nýtir vel einstakt umhverfi hans. Húsakynni eru mjög skemmtileg og húsnæðið vel nýtt. Áhersla er lögð á hvetjandi námsumhverfi og snyrtimennsku.

?? Skólabragur og agi er í góðu lagi. Áhersla er lögð á jákvæð og frjálsleg samskipti en um leið á prúðmennsku og ástundun.
?? Skólanámskrá er vönduð og í stöðugri endurskoðun. Skólinn heldur úti virkri heimasíðu og gefur út vönduð fréttabréf.
?? Leiklist skipar stóran sess í skólastarfinu þar sem áhersla er lögð á virkni allra nemenda.
?? Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt og nær hún til allra aldurshópa og margra námsgreina.
?? Vel er staðið að námsráðgjöf og starfsfræðslu.
?? Skólaakstur gengur vel.
?? Námsárangur nemenda á samræmdum prófum er mjög góður.

Veikar hliðar

?? Bæta þarf aðstöðu á nokkrum sviðum, einkum fyrir kennslu verklegra greina (unnið er að úrbótum á þessu). Þá vantar betri aðstöðu til náttúrufræðikennslu og kennslu í tölvu- og upplýsingatækni. Húsnæði skóladagheimilis þarf að stækka og efla bókasafn skólans. Skólahús og skólalóð þarfnast viðhalds.
?? Vísbendingar komu fram um að starfsfólk skólans færist jafnvel of mikið í fang í þróunar- og nýbreytnistarfi. Starfsfólkið er undir töluverðu vinnuálagi og erfitt að vinna allar hugmyndir til fulls.
?? Aðstandendur skólans og margir starfsmenn hafa talsverðar áhyggjur af framtíð skólans. Afar áríðandi er að eyða þeirri óvissu því hætta er á að þetta geti haft neikvæð áhrif á starfsanda.
?? Nokkrir drengir í skólanum hafa ekki nægilega jákvæð viðhorf til náms og skóla.
?? Nokkurrar óánægju gætir meðal sumra nemenda og foreldra með félagsstarf.
?? Aðgengi hreyfihamlaðra er slæmt og ekki er auðvelt að fara um húsnæðið með ræstingarvagna.
?? Betur þarf að hlúa að nemendum sem fram úr skara og finna þeim viðfangsefni við hæfi.

UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar víða um heim á þeim skólum sem ná bestum árangri, sem og á skólum þar sem starfsandi þykir hvað bestur (sjá um þetta t.d. Ingvar Sigurgeirsson 1998). Þessar rannsóknir leiða í ljós ákveðin sameiginleg einkenni þeirra skóla sem best standa. Eftirfarandi atriði eru oftast nefnd í þessum rannsóknum:

- Sterk fagleg forysta skólastjórnenda, stuðningur og hvatning.
- Stöðugleiki í starfsliði.
- Öflugt faglegt samstarf kennara, áhersla lögð á þróunarstarf og símenntun.
- Árangursmiðaðar námskröfur, áhersla lögð á iðni og ástundun.
- Stuðningur skólayfirvalda.
- Samhugur, samkennd og gagnkvæmur stuðningur meðal starfsliðs.
- Öflugt foreldrasamstarf.
- Gott skipulag og agi.

Sé þessi listi mátaður við þær niðurstöður sem fengist hafa í þessari athugun kemur í ljós að Hallormsstaðaskóli stendur afar sterkt á flestum þessum sviðum.

Sterk fagleg forysta skólastjórnenda, stuðningur og hvatning

Í þessum efnum stendur Hallormsstaðaskóli mjög vel. Hann hefur á að skipa öflugum stjórnendum sem ná vel saman og veita skólanum faglega forystu. Viðhorf foreldra til stjórnenda eru sérstaklega jákvæð. Þá vekur athygli hversu góð samskipti eru milli skólastjórnenda og nemenda og leita þeir síðarnefndu gjarna til stjórnenda með sín mál.

Starfsfólk skólans telur skólastjórnendur veita sér afar góðan stuðning, gott sé að leita til þeirra og að skólanum sé lýðræðislega stjórnað. Ljóst er að skólastjórnendur beita sér með markvissum hætti í umbótastarfi, hafa mikinn faglegan metnað og gera kröfur til starfsfólksins sem og til sjálfra sín. Vísbendingar koma fram um að þessar kröfur geti stundum orðið full miklar, enda óvenjumörg nýbreytni- og þróunarverkefni undir í einu.

Stöðugleiki í kennaraliði

Á þessu sviði stendur skólinn sterkt. Mikill stöðugleiki hefur ríkt í starfsliðinu um árabil en alltaf orðið endurnýjun af og til. Kennarahópurinn er faglega sterkur og annað starfsfólk leysir viðfangsefni sín einnig mjög vel af hendi.

Öflugt faglegt samstarf kennara, áhersla á þróunarstarf og símenntun

Í skólanum fer fram öflugt faglegt samstarf kennara um fjölmörg, áhugaverð þróunarverkefni og einkennist þetta starf allt af miklum metnaði. Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu er umfang þessara verkefna svo mikið að starfslið fjölmennustu skóla gæti verið stolt af. Mikil áhersla er einnig lögð á stöðuga fræðslu, endurmenntun og framhaldsnám. Endurmenntunaráætlun skólans er mjög vel útfærð og byggð á samráði og skipulegri greiningu á þörfum.

Árangursmiðaðar námskröfur, áhersla lögð á iðni og ástundun

Skólinn stendur vel í þessum efnum og má í því sambandi minna á góðar niðurstöður samræmdra prófa. Skólinn hefur mikinn metnað fyrir hönd nemenda sinna (Sif Vígþórsdóttir o.fl. 2003:25). Undanfarin ár hefur árangur nemenda skólans á samræmdum prófum verið með þeim besta í landinu.

Athygli skýrsluhöfunda vakti hve mikil áhersla er lögð á snyrtimennsku og vandaðan frágang í hvívetna.

Niðurstöður skýrsluhöfunda sýna að eins og í fjölmörgum öðrum skólum, eru nokkrir nemendur, einkum drengir, sem ekki finna viðfangsefni við sitt hæfi og hafa neikvæð viðhorf til skólans. Áríðandi er að leita leiða til að koma betur til móts við þessa nemendur.

Stuðningur skólayfirvalda

Ljóst er að svo öflugt skólastarf getur ekki orðið nema með stuðningi rekstraraðila. Rekstur skólans er sveitarfélögunum dýr og umræða er uppi um hvað sé til ráða. Þessi umræða hefur skapað nokkra óvissu um framtíð skólans og varðar miklu að eyða henni sem fyrst, enda mun það ásetningur sveitarfélaganna. Meðan þetta er óleyst hvílir nokkur skuggi yfir skólanum og gæti sett mark sitt á starfið.

Í viðræðum skýrsluhöfunda við starfsfólk skólans, fulltrúa foreldra og sveitarfélaganna komu fram fjölmargar, áhugaverðar hugmyndir um ráðstafanir sem dugað gætu til að treysta skólann í sessi. Nefna má hugmyndir um aukið samstarf skólanna á Héraði, t.d. vegna nemenda sem eiga undir högg að sækja þar sem Hallormsstaðaskóli gæti tekið að sér sérstakt hlutverk og hugmyndir um skólabúðir tengdar skóginum. Einnig bar á góma hvort til greina kæmi að skólinn yrði tilrauna- og þróunarskóli í samkennslu (sjá 53. grein Laga um grunnskóla nr. 77/1996).

Samhugur, samkennd og gagnkvæmur stuðningur meðal starfsliðs

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu ríkir mikill samhugur meðal alls starfsfólks og er starfsandi framúrskarandi góður. Starfsliðið allt er mjög samheldið og samskipti

kennara og nemenda góð. Styrkur skólans liggur ekki hvað síst í þessum jákvæða starfsanda þar sem allir leggja sitt af mörkum.

Öflugt foreldrasamstarf

Öflugt foreldrasamstarf er við Hallormsstaðaskóla, enda mikil áhersla á það lögð. Foreldrar koma oft í heimsókn í skólann og gott samstarf er við foreldraráð. Þá er virkt foreldrafélag starfandi við skólann sem styrkir starf hans með ýmsum hætti.

Gott dæmi um áherslu skólans á markvisst samstarf heimilis og skóla er svokallaður skólaboðunardagur þegar skólastjórnendur og kennarar heimsækja hvert heimili að hausti. Einnig má nefna heimasíðu skólans, og ekki síst reglulega útgáfu vandaðra fréttabréfa.

Áhugi er á því innan skólans að foreldrar komi með enn virkari hætti að stefnumörkun skólans.

Gott skipulag og agi

Mat skýrsluhöfunda er að agi og skólabragur í Hallormsstaðaskóla sé um flest til fyrirmyndar. Starfslið og skólastjórnendur taka strax á agamálum ef upp koma og nota til þess árangursríkar aðferðir eins og samtöl þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu og traust. Hér skiptir einnig verulegu máli að samskipti nemenda og kennara og annars starfsfólks, sem og nemenda og skólastjórnenda, eru afar góð. Allt starf skólans einkennist af vinnusemi, reglusemi og snyrtimennsku.

***

Eins og sjá má af ofangreindu yfirliti stenst Hallormsstaðaskóli í langflestum efnum mjög vel samanburð við þá skóla sem bestum árangri ná. Allar mælingar sem framkvæmdar voru í tengslum við þetta mat sýna að skólinn er í fremstu röð.

Megineinkenni Hallormsstaðaskóla er einstaklingsmiðað nám, öflugt þróunarstarf og umbótavilji, faglegur metnaður, jákvæð samskipti starfsfólks, nemenda og foreldra og áhersla á góð tengsl skóla og umhverfis. Þá sýna niðurstöður að skólanum er sérstaklega vel stjórnað. Árangur skólans endurspeglast í jákvæðum viðhorfum starfsfólks, nemenda og foreldra.

Ástæða er til að benda fræðsluyfirvöldum á, sem og kennaramenntastofnunum, að Hallormsstaðaskóli er dæmi um framúrskarandi skóla þar sem starfsfólk leggur sig í framkróka við að ná mörgum mikilvægustu markmiðum sem skólum voru sett með nýrri aðalnámskrá 1999. Nefna má virka og fjölbreytta kennsluhætti, sjálfsmat,

skólanámskrárgerð, foreldrasamstarf og sterk tengsl heimilis og skóla, tölvu- og upplýsingatækni, samþættingu námsgreina og áherslu á skapandi starf og tjáningu. Ástæða hlýtur að vera til að skoða með hvaða hætti unnt er að nýta þennan árangur til hagsbóta fyrir aðra skóla, sem og fyrir verðandi kennara. Hér hljóta sjónir að beinast annars vegar að fámennum skólum, sem víða standa höllum fæti, og hins vegar að skólum þar sem áhugi er á að taka upp einstaklingsmiðað nám. Ljóst er að margt má af starfsfólki Hallormsstaðaskóla læra. Þá ættu kennaramenntunarstofnanir að kosta kapps um að eiga samstarf við starfsfólk skólans um vettvangsnám, æfingakennslu, þróunarverkefni og rannsóknir.

Heimildir

Fróði. Skólanámskrá Hallormsstaðaskóla, 17. árg. Veturinn 2001–2002.

FáFróði. Skólanámskrá Hallormsstaðaskóla, 18. árg. Veturinn 2002–2003.

Fréttabréf. Til foreldra og nemenda í Hallormsstaðaskóla (frá 21. ág. 2002 til 1. apríl 2003).

Heimasíða Hallormsstaðaskóla. http://hall.ismennt.is/

Ingvar Sigurgeirsson. 1998. *Thoughts on School Reform in Iceland*. Umræðugrein lögð fram í tengslum við alþjóðlega málstofu, The Challenge of School Transformation: What Works, sem haldin var í Berlín 26.–28. febrúar 1998. Sjá einnig á vefslóðinni: http://web.khi.is/~ingvar/schreformis.html

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna. Handbók fyrir kennara.* Reykjavík: Æskan.

Kristín G. Magnúsdóttir og Sif Vígþórsdóttir 2003. *Grænfáninn í Hallormsstaðaskóla.* [Skýrsla um þróunarverkefni]

Lög um grunnskóla, nr. 77/1996.

Sif Vígþórsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hildur J. Agnarsdóttir, Jón Gunnar Axelsson, Magnhildur Björnsdóttir. 2003. *Hallormsstaðaskóli. Skýrsla um sjálfsmat 2001–2003*.